

FERÐAÞJÓNUSTA Í TÖLUM

- Sumar 2023

Erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll


Brottfarir erlendra farþega sumarið 2023 (júní-ágúst)¹

	% af brottförum	Fjöldi	Breyting** frá	
			2022	2019
Heildarfjöldi		790.114	21%	17%
<i>10 stærstu þjóðernin*</i>				
Bandaríkin	37,9%	299.741	46%	59%
Þýskaland	7,7%	60.470	-4%	6%
Pólland	6,6%	52.352	83%	84%
Frakkland	5,1%	39.980	-2%	1%
Bretland	4,4%	35.110	3%	5%
Ítalía	4,0%	31.932	-5%	47%
Spánn	3,5%	27.643	38%	14%
Kanada	3,0%	23.892	9%	-17%
Danmörk	2,3%	18.168	-28%	3%
Holland	2,1%	16.429	-3%	6%

*Samanlagt voru tíu stærstu þjóðernin 76,6% af heild.


**Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2023/'22 og 2023/'19.

Brottfarir eftir mánuðum ('000)¹




Erlendir ferðamenn að sumri (júní-ágúst) á 10 ára tímabili

Fjöldi brottfara ('000) erlendra farþega að sumri¹



Brottfarir 5 stærstu þjóðerna (2023) – þróun á 10 ára tímabili¹



Tilgangur Íslandsferðar og dvalarlengd ferðamanna

Megintilgangur sumarið 2023²

	Fjöldi*	% af brottförum
Frí	749.818	94,9%
Heimsókn til vina/ættingja	15.021	1,9%
Viðskiptatengt	11.062	1,4%
Heilsutengt, nám o.fl.	6.321	0,8%
Stutt dvöl (ekki gíst)	7.901	1,0%

*Fjöldatölur eru uppreiknaðar út frá talningum á Keflavíkurflugvelli.


Dvalarlengd sumarið 2023²

	Meðalfjöldi gistingu	Breyting* frá	
		2022	2019
Meðaldvalarlengd	8,6	-6,0%	2,3%
Bandaríkin	6,9	-2,8%	16,9%
Þýskaland	10,9	-1,8%	3,8%
Pólland	7,6	-33,3%	-8,4%
Frakkland	10,9	4,8%	4,8%
Bretland	6,3	-13,7%	-7,4%
Ítalía	9,4	-1,1%	8,0%
Spánn	9,5	-3,1%	-1,0%
Kanada	7,8	4,0%	14,7%
Danmörk	7,9	1,3%	6,8%
Holland	8,8	-8,3%	-9,3%


*Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2023/'22 og 2023/'19.

Heimsóknir erlendra ferðamanna eftir landshlutum

Hvaða landshluta heimsóttu ferðamenn sumarið 2023²



Í hvaða landshluta gistu ferðamenn sumarið 2023²



Hótelgistinætur að sumri

Skráðar gistinætur* á hótélum júní-ágúst 2023³

	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá	
			2022	2019
Gistinætur alls		1.706.957	1%	18%
Íslendingar	17,2%	292.785	-3%	152%
Útlendingar	82,8%	1.414.172	2%	6%
-Bandaríkin	30,5%	520.100	12%	22%
-Þýskaland	8,8%	149.894	-19%	-2%
-Bretland	5,4%	92.189	-18%	1%
-Frakkland	3,7%	63.762	-15%	-2%
-Ítalía	3,5%	59.869	-11%	33%

**Óskráðar gistinætur útlendinga voru áætlaðar 783.000 júní-ágúst 2023.

Framboð á hótélherbergjum og nýting að sumri

Fjöldi herbergja á hótélum júní-ágúst 2023³


	Landið allt		Höfuðborgarsvæðið	
	Fjöldi 2023	Breyting frá 2022 2019	Fjöldi 2023	Breyting frá 2022 2019
Júní	11.727	2% 6%	5.417	- 4%
Júlí	11.684	1% 6%	5.415	- 3%
Ágúst	11.701	1% 5%	5.462	1% 2%

Herbergjanýting á hótélum júní-ágúst 2023³


	Landið allt		Höfuðborgarsvæðið	
	Nýting 2023	Breyting frá 2022 2019	Nýting 2023	Breyting frá 2022 2019
Júní	79,5%	1% 11%	80,0%	-3% 3%
Júlí	86,9%	-2% 8%	87,5%	-4% 9%
Ágúst	87,4%	-1% 6%	86,0%	-5% 1%

Herbergjanýting eftir landshlutum 2023³


Júní



Júlí



Ágúst




Skráðar gistinætur að sumri

Skráðar gistinætur júní-ágúst 2023³


	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá	
			2022	2019
Gistinætur alls		4.299.423	9%	23%
Hótel	39,7%	1.706.957	1%	18%
Gistiheimili	14,0%	602.535	4%	6%
Önnur gisting	46,3%	1.989.931	18%	33%

Gistinætur ('000) í skráðri gistingu júní-ágúst, 2019-2023³



Gistinætur í skráðri gistingu á tíu ára tímabili

Gistinætur ('000) Íslendinga og útlendinga í skráðri gistingu júní-ágúst, 2014-2023³



Heimildir

¹Ferðamálastofa og Isavia: Brottfarartalningar á Keflavíkurflugvelli 2014-2022. Um er að ræða talningu á farþegum á leið úr landi áður en komið er inn á brottfararsvæði og ber að skoða tölurnar með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér. Talningarnar náðu yfir alla sem fóru í gegnum hefðbundna öryggisleit fram í september 2019. Frá og með október 2019 hefur verið byggt á úrtaksaðferð.

²Ferðamálastofa: Landamærakönnun Ferðamálastofu 2019-2022.

³Hagstofa Íslands: Gistinóttatalningar 2019-2023. Um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir 2023. Með skráðum gistinóttum er átt við gistinætur hjá rekstraraðilum sem eru skráðir í gistináttagrunni Hagstofunnar.

*Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2023/'22 og 2023/'19.

** Innan sviga má sjá breytingu frá fyrra ári (2022).

Ferðapjónusta í tölum, sumar 2023 - samantekt

Í samantektinni Ferðapjónusta í tölum – sumar 2023 má sjá samantekt um brottfarartalningar erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurlugvöll, gistinætur á skráðum gististöðum, framboð og nýtingu á hótélum og nokkrar niðurstöður er varða dvöl ferðamanna á Íslandi s.s. um tilgang ferðar, dvalarlengd og heimsóknir eftir landshlutum.

Um 790 þúsund erlendir ferðamenn í sumar

Um 790 þúsund erlendir ferðamenn* komu til landsins um Keflavíkurlugvöll síðastliðið sumar (2023), um fimmtungi fleiri en í fyrrasumar (2022). Um er að ræða næstfjölmennasta ferðamannasumarið frá því mælingar hófust. Fjöldinn var um 98% af því sem hann var sumarið 2018 sem var metsumar hvað varðar fjölda ferðamanna.

Bandaríkjamenn voru langfjölmennastir í sumar, 300 þúsund talsins eða nærri tveir af hverjum fimm ferðamönnum. Um er ræða annað sumarið frá því talningar hófust sem fjöldi Bandaríkjamanna er um 300 þúsund en áður höfðu þeir mælst um 293 þúsund sumarið 2018. Þjóðverjar voru í öðru sæti, um 60 þúsund talsins eða álíka margir og þeir voru sumrin fyrir Covid-19 faraldurinn (2018, 2019). Í þriðja sæti voru Pólverjar, um 52 þúsund en áður höfðu þeir mest mælst tæplega 29 þúsund að sumri til (2017 og 2018). Gera má ráð fyrir að talsverðan hluta Pólverja í sumar megi rekja til aukinnar ferðatíðni Pólverja búsettra hérlendis og fjölskyldna þeirra en framboð á flugi til og frá Póllandi hefur aldrei verið meira en í sumar. Í fjórða til fimmta sæti voru Frakkar (40 þús.) og Bretar (35 þús.).

Langflestir eða um 95% ferðamanna voru í fríi á Íslandi í sumar. Um 1,9% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum og um 1,4% í viðskiptatengdum tilgangi. Um 1,8% voru í annars konar tilgangi. Um níu af hverjum tíu heimsóttu höfuðborgarsvæðið, um átta af hverjum tíu Suðurland, um sjö af hverjum tíu Reykjanes, ríflega helmingur Vesturland, tæplega helmingur Norðurland og ríflega fimmtungur Vestfirði.

Meðalfjöldi gistinotta 8,6 nætur

Ferðamenn dvöldu að jafnaði 8,6 nætur á ferðalögum um Ísland í sumar eða jafnmargar nætur og í fyrrasumar (2022). Þegar horft er til dvalarlengdar sumrin 2018 og 2019 má sjá ívið styttri dvalarlengd en ferðamenn dvöldu að jafnaði 7,5 gistinætur sumarið 2018 og 7,8 sumarið 2019. Áhrifa Covid-19 faraldursins virðist því enn gæta en dvalarlengd erlendra ferðamanna á Íslandi lengdist til muna á tímum faraldursins.

Bandaríkjamenn sem vega þyngst vegna hárrar hlutdeildar, dvöldu að jafnaði 6,9 nætur sumarið 2023, álíka margar og í fyrrasumar. Af tíu fjölmennustu þjóðernunum dvöldu Þjóðverjar og Frakkar lengst eða 10,9 nætur að jafnaði. Þar á eftir komu Spánverjar, Ítalir og Hollendingar með dvalarlengd á bilinu 8,8 til 9,5 gistinætur.

Gistinætur erlendra ferðamanna á hótélum mælast fleiri en fyrir faraldur

Gistinætur á hótélum voru um 1,7 milljón talsins síðastliðið sumar (2023), tæplega 19 þúsund fleiri (+1,1%) en þær voru sumarið 2022 og 256 þúsund fleiri (+17.6%) en 2019, sumarið áður en heimsfaraldur Covid-19 skall á.

Um átta af hverjum tíu gistinóttum voru tilkomnar vegna erlendra ferðamanna en þær voru um 27 þúsund fleiri (+1,9%) en í fyrrasumar (2022). Jafnframt mældust þær 79 þúsund fleiri (+5,9%) en sumarið 2019.

Nýting herbergja á hótélum 87% í júlí og ágúst

Sumarið 2023 voru í boði um 11.730 herbergi á landinu öllu þegar mest var, þar af var tæplega helmingur (46,2%) á höfuðborgarsvæðinu. Framboðið á herbergjum var álíka mikið og í fyrrasumar (2022) en um 5-6% meira en árið 2019. Herbergjanýting á landsvísu var 80% í júní og 87% í júlí og ágúst. Nýtingin fór yfir 90% á Suðurlandi og Austurlandi í júlí og ágúst og á Suðurnesjum í ágústmánuði. Í öðrum landshlutum var hún á bilinu 81-88% í júlí og ágúst. Í júní var nýtingin á bilinu 72-83% en best var hún á Suðurlandi (83%) og Austurlandi (82%).

Gistinætur erlendra ferðamanna aldrei mælst svo margar að sumri til á skráðum gististöðum

Gistinætur á skráðum gististöðum mældust um 4,3 milljón talsins síðastliðið sumar (2023) og hafa ekki mælst svo margar áður. Um er að ræða 8,6% fleiri gistinætur en í fyrrasumar (2022) og ríflega fimmtungi fleiri en sumarið 2019. Um tveimur af hverjum fimm gistinóttum var eytt á hótélum, um 14% á gistiheimilum og tæplega helmingi (46,3%) í annars konar gistingu.

Gistinætur útlendinga í skráðri gistingu mældust tæplega 3,3 milljón talsins síðastliðið sumar eða 8,6% fleiri en sumarið 2018 og 11,1% fleiri en sumarið 2019. Aukninguna má að miklu leyti rekja til lengri dvalarlengdar ferðamanna en hún mældist fyrir faraldur. Gistinætur Íslendinga voru í kringum milljón síðastliðið sumar og helst það í hendur við þá þróun sem varð á tímum faraldursins að landsmenn fóru að nýta sér þjónustu gististaða í auknum mæli.

* Fjöldatölur taka mið af brottfarartalningum Ferðamálastofu og Isavia á Keflavíkurlugvelli og ber að skoða tölurnar með þeim [fyrirvörum](#) sem aðferðafræðin felur í sér.